



MUNDILFARI

Félagsblað Lífspekifélagsins 1. tbl. 53. árg. Janúar 2025. Ábm. Leifur Heiðar Leifsson
Lífspekifélagið - Guðspekifélagið - Guðsbakarfið - Tesopinn

Om satyān nāsti paro dharmaha II

Kæru félagar!

Nú fer að líða að jólum og gaman að rifja upp íslenskar þjóðsögur. Jólasveinarnir stundum nefndir einn og átta. Þeir eru dökkir verndarar og dyraverðir að ljósi og helgi jólanna. Þeir eru svipaðir og gamlar sagnir um aðal guðina á Indlandi kringum fjallið helga Meru. Þá er æðsti guðinn efst í fjallinu og hinir í átta borgum kringum fjallið. Svo höfuð við þrettán daga fyrir jól þegar jólasveinar koma og reyna í mönnum þolrifin. Þeir sem falla í prófunum fara í jólaköttinn sem er verndari ljóssins eins og katta guðinn Bast í forn Egyptalandi. Yfir jólanótt ríkir Grýla og Leppalúði. Hún er miðsvetrar tímagyðja Eilífðar á móti Urði líðandi stundar að vori, Verðandi komandi tíma að hásumri og Skuld fortíðar að hausti. Nafnið hennar Grýlu er tilvísun til bikarsins og hins helga drykkjar sem Keltar kölluðu Gralinn. Í okkar jólasögum segir um Grýla að upp á stól situr mín kanna. Á hásetinu er bikarinn helgi. Hjá Keltum var það guðinn Bran hinn blessaði sem gætti Gralins. Bran þýðir Hrafn og er hann verndari Breska konungdæmisins. Leppa Lúði gæti þýtt sá sem lofar ljósið. Í lok jólanna á þrettándanum sem er á 14. janúar en þá eru haldnar álfabrennur og dansað. Þá eru komnir 27 dagar jóla. Talan 27 er samkvæmt Hauksbók teningur elds 3*3*3 sem er frumefni hreinsunar og anda. Tímagyðjurnar Urður, Verðandi og Skuld tengjast svo brunnnum þremur í heimstrénu og þá Urðarbrunnur í brjóstinu, Mímisbrunnur sem þriðja augað og Hvergelmir er heiti kundalini brunnurinn í kviðnum.



Tréð er tilvísun til mannsins, líkamans og innir orkusúlu mannsins sem Indverjar kalla Sushumna. Í greinum asks Yggdrasils er að finna margar skepnur, meðal annars örn, íkornann Ratatosk, hirti Dáinn, Dvalinn, Duneyrr og Duraprór, hana og fleiri. Mímisbrunnur var viskubrunnur sem í norrænni goðafræði stendur undir einni af rótum heimstrésins, Asks Yggdrasils í Jötunheimum. Mímir gætir brunnsins og heitir hann eftir honum. Sá sem drekkur vatn úr brunninum verður margs vísari í hvert sinn. Mímir drekkur af honum dag hvern og er þess vegna afar fróður. Aðrir verða að gjalda dýru verði fyrir sopann. Þannig þurfti Óðinn að gefa annað auga sitt fyrir og liggur það á botni Mímisbrunns. Því tel ég hann svara til gyðjunnar Verðandi sem er Spákonan og horfir fram í tímann. Hún er fulltrúi hugans, vitsins og innra augans. Urðarbrunnur er þá fyrir núvitund, jörðina og tilfinninguna í brjóstinu. Hvergelmir er uppspretta allra vatna heimsins í norrænni goðafræði. Er hann sagður brunnur í miðju alheims í Gylfaginningu. Í Völuspá segir: Þaðan koma meyjar, margs vitandi, þrjár úr þeim sæ, er und þolli stendur; Urð hétu eina, aðra Verðandi, skáru á skíði, Skuld ina þriðju. Þær lög lögðu, þær líf kuru, alda börnum, örlög seggja.

Ég vil vekja áhuga félaga á tólfta alheimspingi félagsins sem í þetta sinn verður haldið í Vancouver í Kanada 23-27 júlí. 2025. Sjá nánar hér: <https://mailchi.mp/ts-adyar/events2020-17984817?e=964ddd002a>

Þá er rétt að benda á fréttabréfið frá höfuðstöðvunum í Adyar á Indlandi sem ber nafnið Adyar e-News. <https://mailchi.mp/ts-adyar/theosophist-17985351?e=964ddd002a>

Verið er að klára að setja Ganglera og fer hann í prentun í byrjun árs og í póst í janúar.

Með kærri kveðju,

Haraldur Erlendsson forseti.

Om satyān nāsti paro dharmaha II Heill sé æðri viskunni sem býr á bak við alla andlega skóla og innra með hverjum manni. Heill sé handa-við-sannleikanum handan allra andlegra-skóla. Hún er gyðjan Þeó Soffía.

Dagskrá á vormisseri 2025

Fastir liðir í húsinu:

Fræðslufundir: Föstudaga kl. 20:00 og stundum laugardaga kl. 15:00. **Laugardagsfundir** hefjast með 15 mínútna hugleiðingu kl. 15 (gott að koma tímanlega), svo tesopa og með því, svo hefst spjallið.

Dagskrá má sjá á Facebook: Lífspekifélagið. Streymi má sjá á: Lífspekifélagsgrúppan. Sjá einnig vefsíðuna: www.lifspekifelagid.is.

Starf Blavatsky stúkunnar á vorönn 2025

Lesfundir eru hvern sunnudag kl. 11:00 – 12:30. Fundirnir hefjast á stuttri hugleiðingu og svo er farið í lesefnið. Fyrsti fundur á vorönn 2024 er 5. janúar en sá síðasti 4. maí. Haldið verður áfram að lesa *Jógasútrur Patanjalis* með skýringum A.A.B. Lesefnið er í íslenskri þýðingu.

Efnið er rætt út frá andlegri rækt og daglegu lífi þátttakenda. Fundirnir hefjast á stuttri hugleiðingu.

Hugleiðing á fullu tungli: Hugleiðingin er allajafna haldin á degi fulls tungls eða næsta dag á undan og ávallt kl. 20:00. Hver fundur hefst með umfjöllum um viðkomandi stjörnumerki og svo er hugleitt í 20-25 mín.

Dagsetningarnar eru þessar:

Mánudagur	13. janúar	Steingeit
Þriðjudagur	11. febrúar	Vatnsberi
Fimmtudagur	13. mars	Fiskar
Laugardagur	12. apríl	Hrútur

Grafarskraf - Skrafað um lífið og dauðann. Fjórða fimmtudag í mánuðinum klukkan 19:00, 23. janúar, 27. febrúar, 27. mars, 24. apríl og 22. maí. Grafarskraf er gert til þess að koma af stað samtali um lífið og dauðann. Það eru engin svör til – aðeins spurningar til að hvetja fólk til umhugsunar og umræðna um dauðann. Allir velkomnir. Guðrún Garðarsdóttir.

Septima er með eitt þriðjudagskvöld í mánuði fyrir tónleika kl 19:00, kvöldin: 18. feb, 18, mars, 15. apríl, 13. maí
Frímenn Kjerúlf.

Gröning-hópurinn: Hittist þriðja hverja viku á mánudögum kl. 19:00. Þau sem vilja vera með hafi samband við Önnu Ottesen í síma 898-7522. Fundirnir eru haldnir í heimahúsi.

Mörk: Margrét Hugrún verður með fund með hópnum Mörk annan hvern þriðjudag.

12 spora-**hópur** hittist í húsinu á laugardagsmorgnum kl. 10:00 til 12:30 og á miðvikudagskvöldum kl. 19:00-20:15

Systkinabandið Akureyri verður með reglulega fundi í vetur. Hafa má samband við Skúla Þór Bragason sem er formaður. Netfang hans er Bragasonskuli@gmail.com. Sjá á Facebook: Lífspekifélagið á Akureyri. Fundirnir eru í húsnæði sálarrannsóknarfélagsins að Strandgötu 37 Á þriðjudögum kl. 20.

Ævintýrahópur sem er leiddur af Helga Garðari Garðarssyni verður einu sinni í mánuði, á fimmtudögum kl. 19:00.

Ævintýrahópurinn verður í þriðja fimmtudag í mánuði: 16. janúar, 20. febrúar, 20 mars og 10. apríl

Grafarskraf. Hópur þar sem er skrafað um lífið og dauðann. Fjórdi fimmtudag í mánuðinum:

2025, 23. jan, 27. feb, 27. mars, 24. apríl, 22. maí. Guðrún Garðarsdóttir og fleiri standa að. Grafarskraf er gert til þess að koma af stað samtali um lífið og dauðann. Það eru engin rétt svör til – aðeins spurningar til að hvetja fólk til umhugsunar og umræðna um dauðann. Allir velkomnir.


Ljósberar. Leifur Sörensen leiðir þennan hóp en hann var með álíka hóp í Lífspekifélagshúsinu fyrir rúmum 20 árum. Tilgangur hópsins er að dýpka skilning á manninum og hlutverki hans í lífinu. Gera einfalda dulfræðilega hugleiðsluæfingu og lesa saman úr bókum af guðspekilegum grunni. Það eru bækur eftir H. P. Blavatsky, Alice Bailey og H. Roerich (auk annarra bóka sem fólk hefur áhuga á). Þau sem hafa áhuga koma í hús félagsins, Ingólfsstræti 22, kl. 19:00 á sunnudagskvöldum.

Lótusfundurinn: Blavatsky-stúkan sér um Lótusfundinn - hátíðisdag Lífspekifélagsins - fimmtudaginn 8. maí 2025 kl. 20:00. Áttunda kviða Hávamála Indíalands (Bhagavat Gita) lesin og látinna félaga minnst með mínútu þögn. Jón Ellert Benediktsson fjallar um stofnanda félagsins, Helenu Petrovnu Blavatsky og hagnýta dulspeki.



Aðalfundur félagsins verður haldinn laugardaginn 3. maí klukkan 14:00.




Mundilfari kemur út þrisvar á ári: í janúar, í maí fyrir sumarskólann og í september.



Erindi í Lífspekifélaginu á vorönn 2025

Dagsetning og tími	Fyrirlestur - viðburður	Fyrirlesari	
Reykjavíkureildin Fimmtudagur 16. janúar Kl 19:00	Ævintýrahópurinn Hópurinn ræðir um hvernig ævintýrin tala til sálarinnar í gegnum táknmyndir. Ævintýrið er skoðað sem andleg leið til að heila sálina og tengjast hinu heilaga.	Helgi Garðar Garðarsson geðlæknir fer fyrir hópnum.	
Fimmtudagur 23. janúar kl. 19:00	GrafarSkraf. Grafarskraf er gert til þess að koma af stað samtali um lífið og dauðann. Það eru engin svör til – aðeins spurningar til að hvetja fólk til umhugsunar og umræðna um dauðann. Allir velkomnir.		

<p>Baldur Föstudagur 24. janúar kl. 20:00</p>	<p>Kyrrðarbænin með tónlist Centering Prayer</p>	<p>Einar Gröndal Hilmar Örn Agnarsson og Björg Þórhallsdóttir</p>	 
<p>Baldur Laugardagur 25. janúar kl. 15:00</p>	<p>Egill í Englandi og samanburður á Brunnanburh ljóðinu og Höfuðlausn Brunnanburh ljóðið lýsir bardaganum á Vínheiði árið 937. Það má telja víst Þórólfur Skallagrímsson hafi látist í þeim bardaga og Egill hafi barist við hlið Aðalsteins konungs þar til yfir lauk og Ólafur Skotakonungur flúði með sínu liði. Þessum atburði er vel lýst í Egils sögu en fáir Íslendingar eru kunnugir Brunnanburh ljóðinu sem er hér á hinu forna máli og útskýrt. Það er ekki hægt að tala um þýðingu á íslensku enda þarf þess ekki því ljóðið er því sem næst á því máli sem þrýðir elstu sögur og ljóð sem við teljum vera íslensk. Brunnanburh ljóðið er hér borið við Höfuðlausn sem líklega fjallar einnig um bardagann á Vínheiði og líkindi með ljóðunum skoðuð, en þau er mörg og jafnvel einstök og sem slík ýta undir þann skilning að mögulega var Egill Skallagrímsson höfundur</p>	<p>Björn Vernharðsson er fæddur 1954 og er sálfræðingur að mennt, en hann hefur einbeitt sér að rannsóknum á fornmenntum síðustu árin. Fyrst með Egilssögu og atburðunum á Vínheiði 937 og enn frekari frásögnum í sögunni í samanburði við enskar heimildir. Í framhaldi hefur hann skoðað hin fornu Eddukvæði með tilvísanir til enskra heimilda og þá sérstaklega Völuspá og Grímnismál sem falla vel að enskum atburðum og staðháttum.</p>	

	<p>Brunnanburh ljóðsins.</p>	<p>Einnig hefur Björn rannsakað mynstur í fornum munum og steinkrossum með tilliti til staðháttanna og fornra helgistaða með þá rannsóknar-tilgátu að margir þessara muna séu leiðarsteinar eða ferðaleiðbeiningar og megi skilgreina sem landakort.</p>	
<p>Mörk Föstudagur 31. janúar Kl. 20:00</p>	<p>Jinn Andar Islam: „Jinn (eða djinn) er ósýnilegur eld-andi sem er hluti af trúarheimi Islam. Hann hefur svipaða eiginleika og maðurinn, er í svipuðum tengslum við skaparann, getur verið trúaður eða ekki, hefur dómgreind og vitund eins og maðurinn og er hvorki góður né illur. Þessi andi getur verið viðsjárverður og er betra að hafa hann með sér en á móti, því hann getur verið hrekkjóttur. Hægt er að verða andsetinn djinn anda og tengist það útbreiddum andsetningar költum víða í norðausturhluta Afríku og í vestur Asíu, þar sem fólk (einkum konur) falla í trans við að þessi andi tekur sér bólfestu í persónunni og nær tókum á henni um stund, og tjáir sig í gegnum hana. Djinn er mikilvægur hluti af sköpunarsögu íslam, ásamt Guði, englum og síðan mönnum - sem komu</p>	<p>Kristján Þór Sigurðsson er kennari og doktor í mannfræði, sérfróður um menningu og málefni Íslam. Hann er einnig stjörnuspekingur og áhugamaður um ýmis andans mál.</p>	

	síðastir til sögunnar.		
Mörk Laugardagur 1. febrúar Kl. 15:00	<p>Sómatísk samvera - Jóga og æfingar fyrir vagus taug</p> <p>G.C Patil, jógameistari frá Indverska Sendiráðinu fer yfir öndunaræfingar og fjallar um jógaheimspeki.</p> <p>Eva Gústavsdóttir B.S. í sálfræði og jógakennaranemi kennir okkur æfingar fyrir vagus taug.</p>		
Baldur Föstudagur 7. febrúar kl. 20:00	<p>Er Grettis Saga handbók jógans sem stundar útsetur og glímir við að reisa innir eldinn Kundalini?</p> 	Haraldur Erlendsson og Séra Kristinn Jens Sigurvinsson	 


<p>Baldur Laugardagur 8. febrúar kl. 15:00</p>	<p>Frekara spjall um Grettissögu. Grettistak</p>	<p>Haraldur Erlendsson og Séra Kristinn Jens Sigurvinsson</p>	
<p>Martinus Föstudagur 14. febrúar</p>	<p>Guð og Guðssonurinn. Er til persónulegur Guð ?, og ef svo er afhverju eru þásamskiptin ekki meiri? Martinus skiptir tilverunni upp í mörg spíralsvæði sem aftur skiptast upp í 6 tilverusvæði og þannig áfram í óendalegri endutekningu. Þar sem hvert spíralsvæði eru milljarðar ára gefur það lífverum möguleika á að upplifa hinn stóra kontrast eða andstæðu í hverjum spíral. Tilgangur þess er að viðhalda upplifunareiginleika hinnar lífandi veru. Í þessu ferðalagi missum við tengslin við „Guð“ og í hámarki efnishyggjunnar álitum við svo að það fyrirfinnist ekki „enginn GUÐ“. Sérstaklega ekki þar sem vitsmunir manna eru farnir að aukast og geta ekki sætt sig við „einhvern Guð“ í skýjunum sem er takmarkaður, og afhverju ættum við svo sem að samþykkja einhvern „Guð“ sem lætur allt þetta „Óréttlæti“ og „Helvíti“ og allar þessar „Þjáningar“ sem nú geysa á jörðinni. Eða er til vitund sem er bara hlutlaus og ekki persónuleg eins og í svo mörgum kenningum Austurlandabúa?</p>	<p>Hilmar Sigurðsson</p>	


	<p>Getur verið til persónulegur „Guð“ sem veldur svo miklum mismun að sumir fæðast í algjörum lúxus og sigla um höfin á snekkjum með þjóna á hverju strái meðan peningar rigna inn á reikninginn og skiptir þá ekki máli hvort að það sé dagur eða nótt hjá þeim, á sama tíma og aðrir svelta og sumir þeirra jafnvel til dauða.</p> <p>Eða er eitthvað meira þarna sem við „EKKI“ sjáum til fulls, vegna skorts á vitsmunum og innsæi. „GUÐ“ sem fullkomnar allt og skapar réttlæti sem er á svo háu stigi að við vegna takmarkaðs skilning og getu til að sjá, sjáum hvorki né skiljum tilveruna.</p>		
<p>Martinus Laugardagur 15. febrúar kl. 15:00</p>	<p>Framhald um fyrirlesturinn á annarri hæð. Fjallað verður fjallað um efnið og lesið upp og deilt áhugverðri reynslu og hugmyndum.</p>	<p>Hilmar Sigurðsson</p>	
<p>Septíma Þriðjudagur 18. febrúar kl. 20:00</p>	<p>Frímann - hugleiðslutónleikar</p>		

<p>Reykjavíkurstúkan Fimmtudagur 20. febrúar kl. 19:00</p>	<p>Hópurinn ræðir um hvernig ævintýrin tala til sálarinnar í gegnum táknmyndir. Ævintýrið er skoðað sem andleg leið til að heila sálina og tengjast hinu heilaga</p>	<p>Helgi Garðar Garðarsson geðlæknir fer fyrir Ævintýrahópnum</p>	
<p>Dögun Föstudagur 21. febrúar kl. 20:00</p>	<p>Páll Erlendsson mun fræða okkur um kynni sín af avatar sem hann kynntist á Indlandi. Þessi avatar, sem hét Sathya Sai Baba, tók Pál að sér og kenndi honum á lífið og tilveruna. Páll mun segja okkur frá veru sinni hjá honum og þeirri mikilvægu kennslu sem breytti lífi hans.</p>	<p>Páll Erlendsson</p>	
<p>Dögun Laugardagur 22. febrúar kl. 15:00</p>	<p>Tarot Lestur og spjall</p>	<p>Melkorka Freysteinsdóttir</p>	
<p>Fimmtudagur 27. febrúar kl. 19:00</p>	<p>GrafarSkraf. Grafarskraf er gert til þess að koma af stað samtali um lífið og dauðann. Það eru engin svör til – aðeins spurningar til að hvetja fólk til umhugsunar og umræðna um dauðann. Allir velkomnir.</p>	<p>Guðrún Garðars</p>	

<p>Baldur 28. febrúar Föstudagur kl. 20:00</p>	<p>Sjáandi sálir.</p> <p>Um list og táknaheim Einars Jónssonar.</p> <p>kin: Einar Jónsson myndhöggvari</p> <p>Einar Jónsson (1874–1954) var brautryðjandi í íslenskri höggmyndalist. Í þessari bók er fjallað um stórbrotinn listferil hans, merkingarheim höggmyndanna, listræna hugmyndafræði og viðtökur á Íslandi. Höggmyndir Einars vöktu mikla athygli og umræður á Íslandi í takt við sterka þjóðernishyggju sjálfstæðis baráttunnar í upphafi nýrrar aldar. Einar gaf íslenska ríkinu listaverk sín og Alþingi veitti fé til byggingar safns yfir verk hans á Skólavörðuholti.</p>	<p>Sigurður Trausti Traustason safnafræðingur. Formaður stjórnar listasafns Einars Jónssonar. Deildarstjóri safneignar og rannsóknar hjá Listasafni Reykjavíkur.</p> 	
<p>Baldur Laugardagur 1. mars kl. 15:00</p>	<p>Sigurður bíður upp á leiðsögn um safn Einars Jónsson. Kostar 1000 kr inn á safnið.</p>		
<p>Martínus Föstudagur 7. mars kl. 20:00</p>	<p>Karmafyrirlestur (Textinn kemur síðar)</p>	<p>Finnbjörn</p>	

<p>Martínus 8. mars Laugardagur kl. 15:00</p>	<p>Umræða um fyrirlesturinn sem var á föstudagskvöldið.</p>		
<p>DÖGUN Föstudagur 14. mars kl. 20:00</p>	<p>Líf í Kristi - Frá sjamanisma til trúar</p> <p>Sólveig Katrín hefur frá unga aldri verið andlega leitandi og numið flestar trúarhefðir á eigin vegum ásamt því að nema sjamanisma í fjögur ár á árunum 2010-2014 hjá Lynn Andrews Sacred Arts and Training. Hún var kennari á þeirri andlegu leið á árunum 2016-2021, ásamt því að vera listmeðferðarfræðingur. Árið 2021 varð hún fyrir andlegri reynslu sem gjörbreytti lífi hennar og tók hún kristna trú og leitast eftir að lifa eftir orði Krists og dreifa fagnaðarerindinu um frið og frelsi. Hún mun fjalla um sína sögu og lífið í Kristi ásamt því sem leikmaður að skoða og bera saman þessar tvær hefðir, sjamanisma og kristni.</p>	<p>Sólveig Katrín listmeðferðarfræðingur, og mastersnemi í Djáknafræðum við guðfræðideild HÍ.</p>	
<p>DÖGUN Laugardagur 15. mars kl. 15:00</p>	<p>Vinnustofa: Jesú Kristur í stormviðrum lífsins. Hugleiðing frá ritningunni, bæn og sköpun.</p> <p>Í þessari vinnustofu munum við lesa og hugleiða huggandi orð Krists í Ritningunni og út frá þeim vinna á skapandi frjálsan máta með pastellitum á þann máta sem kallar á þig í stundinni. Í lokin er endað á stuttri hugleiðingu og bæn.</p>	<p>Sólveig Katrín listmeðferðarfræðingur, og mastersnemi í Djáknafræðum við guðfræðideild HÍ.</p>	

<p>Septíma Þriðjudagur 18. mars kl. 20:00</p>	<p>Frímann - hugleiðslutónleikar</p>		
<p>Reykjavíkurstúkan Fimmtudagur 20. mars kl. 19:00</p>	<p>Hópurinn ræðir um hvernig ævintýrin tala til sálarinnar í gegnum táknmyndir. Ævintýrið er skoðað sem andleg leið til að heila sálina og tengjast hinu heilaga.</p>	<p>Helgi Garðar Garðarson geðlæknir fer fyrir Ævintýrahópnum</p>	
<p>Mörk Föstudagur 21. mars kl. 20:00</p>			
<p>Mörk Laugardagur 22. mars kl. 15:00-21:00</p>			
<p>Fimmtudagur 27. mars kl. 19:00</p>	<p>GrafarSkraf. Grafarskraf er gert til þess að koma af stað samtali um lífið og dauðann. Það eru engin svör til – aðeins spurningar til að hvetja fólk til umhugsunar og umræðna um dauðann. Allir velkomnir.</p>	<p>Guðrún Garðars</p>	

<p>Dögun Föstudagur 4. apríl kl. 20:00</p>	<p>Marta Eiríksdóttir jógakennari talar um orkuljósín sjö en nýlega gaf hún út bók um orkustöðvarnar. Mögulega verður hún með dans.</p>	<p>Marta Eiríksdóttir, jógakennari og rithöfundur</p>	
<p>Dögun Laugardagur 5. apríl kl. 15:00</p>	<p>Marta mun stjórna dansi sem gengur út á að dansa sig í gegnum orkustöðvarnar.</p>	<p>Marta Eiríksdóttir, jógakennari og rithöfundur</p>	
<p>Reykjavíkurstúkan Fimmtudagur 10. apríl kl. 19:00</p>	<p>Hópurinn ræðir um hvernig ævintýrin tala til sálarinnar í gegnum táknmyndir. Ævintýrið er skoðað sem andleg leið til að heila sálina og tengjast hinu heilaga.</p>	<p>Helgi Garðar Garðarson geðlæknir fer fyrir Ævintýrahópnum</p>	
<p>Septíma Þriðjudagur 15. apríl kl. 20:00</p>	<p>Frímenn - hugleiðslutónleikar</p>		

<p>Fimmtudagur 24. apríl kl. 19:00</p>	<p>GrafarSkraf. Grafarskraf er gert til þess að koma af stað samtali um lífið og dauðann. Það eru engin svör til – aðeins spurningar til að hvetja fólk til umhugsunar og umræðna um dauðann. Allir velkomnir.</p>	<p>Guðrún Garðars</p>	
<p>Septíma Föstudagur 25. apríl kl. 20:00</p>	<p>Hvað er lífið?</p> <p>Krisján er meðhöfundur bókarinnar <i>Silfurberg, íslenski kristallinn sem breytti heiminum.</i></p>	<p>Kristján Leósson hefur, undanfarin 25 ár unnið að rannsóknum í ljóstækni, örtækni, efnisfræði, líftækni og fleiri sviðum í háskólum, rannsóknarstofnunum og sprotafyrirtækjum. Hann hefur menntun í eðlisverkfræði, eðlisfræði, rafmagnsverkfræði og heimspeki.</p>	
<p>MÖRK Laugardagur 26. apríl kl. 15:00</p>	<p>SÓMATÍSK SAMVERA - VOR</p> <p>Dans, hreyfing og öndunaræfingar í anda Movement Medicine til endurnæringar og eflingar.</p> <p>“Hreyfing er lækning. *Movement medicine* er aðferð sem byggir á því að við getum komist í tengingu við líkamann, jörðina, umhverfið og tilveruna með því að leyfa líkamanum að hreyfa sig við tónlist.”</p> <p>Nákvæmari dagskrá verður auglýst á Facebook þegar nær dregur..</p>	<p>Kvika Föld, Halla himintungl og Lára Martin.</p> <p>Kvika Föld er Movement Medicine kennari, dansari og myndlistarkona en hún leiðbeinir á ensku. Hún er fædd í Transylvaníu en hefur búið á Íslandi um árabíl.</p> <p>Lára Martin og Halla himintungl leggja báðar stund á hugleiðslu sem snýr að samþættingu líkama og sálar.</p>	

Aðalfundur Lífspékifélagsins Laugardagur 3. maí kl. 14:00	Aðalfundur félagsins verður haldinn í húsinu		
Blavatsky Lótusfundur Fimmtudagur 8. maí kl. 20:00	Áttunda kviða Hávamála Indíalands (Bhagavad Gita) lesin og látinna félaga minnst með mínútu þögn. Svo verður fjallað um skrif Blavatsky um hugleiðingu.	Blavatsky-stúkan	
Septíma Þriðjudagur 13. maí kl. 20:00	Frímenn - hugleiðslutónleikar		
Fimmtudag 22. maí kl. 19:00	Grafarskrif. Grafarskrif er gert til þess að koma af stað samtali um lífið og dauðann. Það eru engin svör til – aðeins spurningar til að hvetja fólk til umhugsunar og umræðna um dauðann. Allir velkomnir.	Guðrún Garðars	

Sjá nánar um dagskrána á heimasíðu félagsins: www.lifspekifelagid.is og á Facebook. Almennar fyrirspurnir eða um Ganglera sendist á: postur@lifspekifelagid.is



सत्यान्नास्ति परो धर्मः

Om satyān nāsti paro dharmaha II

Allir andlegir skólar vísa á innri veruleika